

Minnisblað

Tilvísun:

30.11.2016

Til: Thorsil
Hákon Björnsson

Efni: **Fyrirhuguð kísilmálmverksmiðja Thorsil í Helguvík. Samanburður á losun og meðhöndlun útblásturs við starfsemi United Silicon að Stakksbraut í Helguvík.**

Forsaga

Umhverfisstofnun hefur unnið tillögu að starfsleyfi fyrir Thorsil ehf. til að framleiða í fjórum ljósbogaofnum allt að 110.000 tonnum á ári af hrákísli (>98% Si) og allt að 55.000 tonnum af kísildufti og 9.000 tonnum af kísilgjalli. Framkvæmdin fór í mat á umhverfisáhrifum og álit Skipulagsstofnunar lá fyrir 1. apríl 2015. Tekið var fullt tillit til niðurstöðu umhverfismatsins við gerð starfsleyfistillögunnar. Tillaga að starfsleyfi er auglýst á ný vegna úrskurðar Úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála frá 27. október 2016 þar sem felld var úr gildi ákvörðun Umhverfisstofnunar frá 11. september 2015 um að veita Thorsil ehf. starfsleyfi fyrir rekstri kísilverksmiðju á iðnaðarsvæðinu í Helguvík. Starfsleyfistillagan er nú auglýst á tímabilinu 3.nóvember 2016 til 2. janúar 2017.

Í Helguvík hefur starfsemi hafist í kísilmálmverksmiðju United Silicon og hefur Umhverfisstofnun eftirlit með rekstrinum. Í byrjun rekstrar hafa fjölmargar ábendingar borist stofnunni, bæði sem lúta að sjáanlegri mengun og einnig lykt og óþægindum¹. Samkvæmt upplýsingum í fjölmiðlum er um að ræða byrjunarörðugleika vegna bökunar á fóðringum bræðsluofns og annarrar uppkeyrslu verksmiðjunnar. Vegna þessara vandræða hefur borið á athugasemdum sem lúta að fyrirhugaðri starfsemi Thorsils í Helguvík og beinast þær að mengun og útblæstri verksmiðjunnar. Þar sem kynning stendur núna yfir á starfsleyfistillögu Thorsils sbr. framangreint telja forsvarsmenn Thorsils nauðsynlegt að gera grein fyrir þessum atriðum er lúta að Thorsil í samanburði við verksmiðju United Silicon.

Verksmiðja United Silicon

Við auglýsingu á starfsleyfistillögu United Silicon (þá S9 ehf.) árið 2014 gerði Thorsil athugasemdir við framkomna tilhögun á útblæstri verksmiðjunnar. Samkvæmt matsskýrslu verksmiðjunnar og starfsleyfistillögunni var gert ráð fyrir að útblástur yrði losaður um rjáfur pokasíuhúss. Við útreikninga á loftdreifingu samanstandur losunarstaðurinn af röð af 60 litlum reyk háfum í mænishæð hússins. Samkvæmt matsskýrslu S9 ehf. er gert ráð fyrir að loftsíuhús verði um 22 m á hæð. Ekki er gert ráð fyrir sérstökum skorsteini frá pokasíuhúsi né virðist vera gert ráð fyrir neyðarskorsteini frá fyrirhugaðri verksmiðju. Thorsil telur að með því að hafa ekki skorstein á verksmiðjunni getur átt sér stað niðurdráttur útblásturs í og við næsta nágrenni verksmiðjunnar. Vakin er athygli á því að grundvöllur

¹ <http://ust.is/einstaklingar/frettir/frett/2016/11/25/Eftirlit-Umhverfisstofnunar-i-Helguvik/>

góðrar loftdreifingar er nægjanlega hár hiti, góður útblásturshraði og háir skorsteinar til að tryggja betri dreifingu. Í athugasemdum Thorsils var gerð sú krafa að losun útblásturs verði með nægjanlega háum skorsteinum þar sem fullnægjandi hiti og útblásturshraði sé til staðar til að tryggja öruggt vinnuumhverfi í nágrenninu með betri dreifingu mengunar frá verksmiðju United Silicon. Einnig var komið á framfæri að ekki væri gert ráð fyrir neyðarskorsteini frá fyrirhugaðri verksmiðju en Thorsil telur slíkt afar mikilvægt þegar kemur að rekstri kísilmálmverksmiðja.

Þessar athugasemdir voru sendar Umhverfisstofnun þann 10. júní 2014. Ekki fæst séð miðað við núverandi rekstur verksmiðju United Silicon að tekið hafið verið tillit til framangreindra athugasemda Thorsils um nauðsyn á skorsteinum við rekstur kísilmálmverksmiðjunnar.

Fyrirhuguð verksmiðja Thorsils

Við fyrirhugaða starfsemi Thorsils er gert ráð fyrir að verksmiðjan noti valin hráefni og hún byggð í samræmi við nýjustu lýsingar á bestu fáanlegu tækni með öflugum reykhreinsivirkjum og háum skorsteinum til að tryggja sem besta dreifingu í útblæstri og minnst áhrif á umhverfið. Frá pokasíunum fer útblástur til andrúmslofts um skorstein sem gert er ráð fyrir að verði allt að 53 m hár en þar að auki er gert ráð fyrir allt að 45 m háum neyðarskorsteini við hvern ofn. Þannig að ef ekki er hægt að keyra útblástur um reykhreinsivirki, til dæmis þegar verið er að þurrka og baka fóðringar í ofni áður en framleiðsla hefst, þá getur reykurinn farið út um neyðarskorstein en leggst ekki eftir yfirborði í nágrenni verksmiðjunnar.

Við bökun á fóðringum ráðgerir Thorsil að keyra ofninn á lágu álagi og nota þurrt reyklaust kolakoks þannig að lykt og reykur frá orkugjafanum verði nær engin. Kolakoks hefur þann kost umfram kol og enn frekar timbur að í því eru nær engin rokgjörnu efni og raki lítill. Með því að hafa þurran jafnan hita á stigvaxandi álagi þá verður þurrkun og bökun á ofnfóðringu jafnari og tekur skemmri tíma.

Þannig verður bæði uppspretta reykjarlyktar mun minni heldur en ef notað er timbur, og einnig verður dreifingin á hugsanlegum raka og rokgjörnu efni úr ofnfóðringum miklu meiri með háum skorsteini. Því ætti fólk ekki að verða fyrir óþægindum af uppkeyrslu ofna í verksmiðju Thorsil.

Virðingarfyllt,

Axel Valur Birgisson